



TILLAGA

Viðtakandi: Leikskóla- og daggæsluráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Hulduheimum

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Hulduheimum verði aukinn úr 77 börnum í 111 börn frá 1. september 2026.

Greinargerð

Í leikskólanum Hulduheimum, Vættaborgum 11, eru 77 börn á 4 deildum. Vorið 2025 var hafin framkvæmd við viðbyggingu sem var opnuð haustið 2026. Þá bættust við pláss fyrir 34 börn. Leikskólinn fór úr því að vera fyrir 77 börn á 4 deildum í 111 börn á 5 deildum frá og með 1. september 2026.

Opnað var fyrir umsóknir á nýjar deildir fyrir haustið 2026 og verður fjölgun barna í skrefum til vors 2027 til að tryggja ráðningu og þjálfun nýs starfsfólks.

Fjöldi deilda og barna yrði eftir stækkunina eftirfarandi:

Aðalhús	4 deildir	77 börn
Auka hús við leikskólann	1 deild	34 börn

Samtals	111 börn
---------	----------

Við þessa stækkun er óskað eftir að rekstrarleyfi Hulduheimum fari úr 77 börnum í 111 börn frá 1. september 2026.





Umsögn foreldraráðs:

Foreldrafélag Hulduheima fagnar þeirri frábæru uppbyggingu sem átt hefur sér stað við leikskólann. Viðbyggingin hefur skapað rúmlega 30 ný leikskólapláss og styrkt enn frekar það góða starf sem þegar var unnið í Hulduheimum. Það sem stendur þó sérstaklega upp úr í okkar huga er hversu vel framkvæmdirnar gengu fyrir sig. Þrátt fyrir að um umfangsmikið verkefni væri að ræða upplifðu foreldrar að starfsemi leikskólans héldi áfram af sama hlýhug, öryggi og fagmennsku og alltaf hefur einkennt skólann. Það er ekki sjálfgefið og fyrir það viljum við færa starfsfólki og stjórnendum okkar bestu þakkir. Við höfum orðið vör við þann metnað, sveigjanleika og jákvæða anda sem einkennt hefur starfsfólkið á þessu tímabili. Börnin hafa áfram fundið fyrir öryggi og kærleika í sínu daglega umhverfi, þrátt fyrir þær breytingar sem fylgja framkvæmdum af þessu tagi. Nýja skólalóðin er einstaklega falleg og fjölbreytt og býður upp á enn fleiri tækifæri í leik og starfi fyrir börn skólans. Jafnframt hefur tekist afar vel til með hönnun viðbyggingarinnar sem fellur svo náttúrulega að eldri byggingunni að erfitt er að ímynda sér að hún hafi ekki alltaf verið hluti af leikskólanum. Niðurstaðan er glæsilegt umhverfi sem styrkir enn frekar þann góða leikskóla sem Hulduheimar voru fyrir. Við í foreldrafélaginu erum afar þakklát fyrir þessa uppbyggingu og stolt af því að börnin okkar njóti nú enn betri aðstöðu til leiks, náms og þroska.

Fyrir hönd foreldraráðs Hulduheima Agnes Ísleifsdóttir og Sjöfn Óskarsdóttir



Reykjavík